

Fjölskyldan situr á hakanum

Nú, fjórum árum eftir sérframboð kvenna til alþingiskosninga, er engu minni hugur í konum til að tryggja sér áfram hlutdeild í beinni stjórnun þeirra mála sem óhjákvæmilega snerta daglegt líf og tilveru allra íbúa þessa lands. Okkur verður æ ljósari sú staðreynd að áður en mikilvægar ákvarðanir eru teknar er nauðsynlegt að líta á málin jafnt frá sjónarhóli kvenna sem karla.

Sérframboð kvenna á Vesturlandi nú er eðlilegt og beint framhald af því starfi sem við höfum unnið síðan haustið 1984 er angi var stofnaður hér á Vesturlandi. Áhugi fólks og undirtektir við starfi okkar, svo og hvatning úr ýmsum áttum, hefur styrkt enn frekar þá trú okkar að þau mál, sem við viljum vinna að, höfði til þeirra sem vilja taka þátt í að byggja upp betra líf þar sem almenn skynsemi er sett á oddinn þegar ákvarðanir eru teknar.

Fjölskyldan situr á hakanum

Á undanförunum árum hefur átt sér stað ör þróun og þensla á flestum sviðum hins daglega lífs og hefur hún orðið á kostnað ýmissa verðmæta sem öllum eru mikilvæg. Vil ég þar fyrst tiltaka fjölskylduna, sem ennþá, þrátt fyrir allt, er hinn óumdeilanlegi hornsteininn þjóðfélags okkar. Í tittnefndu góðdæri hefur fjölskyldan og mikilvægi hennar algjörlega setið á hakanum. Sú staðreynd blasir við að fæstum nægir ein fyrirvinna til að sjá sér og sínum farborða. Þeir hinir mörgu, sem eru einir um uppeldi og framfærslu barna sinna, eiga ekki annarra kosta völu en vinna myrkranna á milli. Í allflestum tilfellum er hér um að ræða konur sem ofan á allt saman fylla ennþá lægstu launaflokkana.

Þótt tveir vinni fyrir fjölskyldu er vinnutíminn oft æði langur og á alltof mörgum heimilum leggja unglingarnir af stað út á vinnumarkaðinn um það leyti sem foreldrarinn koma heim. Þessi kvöld- og næturvinna unglinganna kemur að sjálfsögðu

skylduna en er að þeirra mati nauðsynleg „til að geta lifað“. Mörg heimili eru þannig ekki orðin mikið meira en svefnstaðir þeirra sem þar búa.

Eitt af mörgu, sem Kvinnalísta-konur hafa beitt sér fyrir á Alþingi, er að tryggður verði sá siðferðislegi réttur fólks til að geta séð sér farborða af dagvinnulaunum. Ef svo væri, væru um leið tryggð þau sjálf-sögðu og nauðsynlegu réttindi fólks til að hlúa að og rækta þau tengsl sem myndast innan fjölskyldna og setja mark sitt á einstaklinginn ævilangt. Síðastliðið haust endurflutti Sigríður Dúna Kristmundsdóttir, þingkona Kvinnalísta, frumvarp sitt til laga frá árinu áður um 30 þúsund króna lágmarkslaun fyrir 40 stunda vinnuviku.

Í umræðu um þetta kom greinilega fram að ýmsir, sem á þingi sitja, gera sér engan veginn grein fyrir raunverulegum kjörum stórs hóps í þjóðfélaginu, þar á meðal alls þorra kvenna á vinnumarkaðnum. Enn vantar þó nokkuð á að þessari sjálf-sögðu og hógværu kröfu Kvinnalísta-sé fullnægt og enn bólar ekkert á því endurmati sem við höfum farið fram á að gert verði á hefðbundnum kvinnastörfum. Betri laun og þar með styttri vinnutími eru á þessari stundu algjör frumforsenda þess að fjölskyldan losni út úr þeim félagslegu þrengingum sem að henni stöðja um þessar mundir.

Nýjar búgreinar

En það eru fleiri af grundvallaratriðum lífs okkar sem hafa átt í vök að verjast að undanförunu og koma þá málefni landsbyggðarinnar og þeirra sem þar búa fyrst upp í hugann. Ennþá er það svo að við byggjum alla okkar afkomu sem þjóð á hinum hefðbundnu undirstöðuatvinnugreinum, landbúnaði og sjávarútvegi. Að undanförun virðist hafa gætt nokkurs handahófs við ráðstöfun á málefnum bænda vegna vandamála landbúnaðarinnar.

Kjallarinn



Danfríður Kristjánsdóttir kennari

„Sú staðreynd blasir við að fæstum nægir ein fyrirvinna til þess að sjá sér og sínum farborða. Þeir hinir mörgu sem eru einir um uppeldi og framfærslu barna sinna eiga ekki annarra kosta völu en vinna myrkranna á milli. Í allflestum tilfellum er hér um að ræða konur sem ofan á allt saman fylla ennþá lægstu launaflokkana.“

fitt að setja sig inn í atburðarásina sem oft er mjög hröð og stöðugt eru tekin í notkun ný orð og hugtök um eitt og annað sem tengist þessari atvinnugrein. Með það í huga, að úti á landsbyggðinni er uppspretta íslenskrar menningar og þar hefur hún varðveist og blómstrað í gegnum aldirnar, er það óhugsandi að sjá sveitir landsins leggjast í auðn. Það er mál að linni umræðunni um kaup og leigu á fullvirðisrétti en hafist verði handa við uppbyggingu nýrra búgreina og styrkja þær sem fyrir eru, m.a. með því að endurskoða

marks byggjast á, m.a. með tilliti til hlunninda, sem margir bændur hafa umtalsverðar tekjur af.

Á Vesturlandi eru einhver búsaeldarlegustu og fegurstu héruð þessa lands og því mikið kappsmál íbúanna þar, og væntanlega landsmanna allra, að þar haldist myndarleg byggð. Margir bændur hafa á undanförunum árum söðlað um og tekið upp nýjar búgreinar og eru eflaust ýmsir möguleikar enn fyrir hendi á þeim vettvangi. En það er afar mikilvægt að gefa þeim sem koma sér upp nýjum búgreinum kost á að afla sér sérþekkingar á viðkomandi sviði því oftast er um umtalsverðar fjárfestingar að ræða og skóli lífsins getur orðið mörgum afar dýr.

Ein þessara nýju búgreina er þjónusta við ferðamenn. Margir bændur

Atvinnuöryggi

Þéttbýlisstaðirnir á Vesturlandi byggja afkomu sína ýmist á þjónustu við landbúnaðinn eða á sjávarútvegi. Þær sveiflur sem oft verða í sjávarútveginum koma alltaf harðast niður á því verðmæta vinnuafli okkar sem fiskverkafélöki er. Stærsti hluti fiskverkafélöksins eru konur sem alltof oft er litið á sem varavinnuafli sem kalla má til starfa þegar hentar. Tryggja verður atvinnuöryggi þessa fólks og leggjum við mikla áherslu á að fiskafurðir okkar sem og aðrar afurðir verði alltaf sendar fullunnar á erlenda markaði.

Það eru sjálfsögð mannréttindi fólks að geta valið sér búséti úti á landsbyggðinni og tryggja þarf að dreifbýlið sé ekki síður byggilegt hvað varðar þjónustu á ýmsum sviðum en gerð er krafa um í þéttbýlinu. Tryggja þarf að börn geti notið lögboðinnar skólagöngu og viljum við Kvinnalísta konur leggja áherslu á að komið verði á fót skólaseljum, þ.e. útibúum fyrir yngstu nemendurnna þannig að þeir þurfi ekki að dveljast á heimavistum frá 6-7 ára aldri eins og nú tíðkast víða. Þá er og nauðsynlegt að huga að því að jafna aðstöðu þeirra sem þurfa að sækja sér framhaldsmennun fjarri heimabyggð að loknu námi í grunnskóla. Leggja verður áherslu á uppbyggingu heimavista og eða ódýrs leiguhúsnæðis í þessu skyni. Framkomur tillögur Kvinnalísta konur um kennslu- og námsgagnamiðstöðvar í hverju fræðsluumdæmi geta styrkt allt skólastarfi í dreifbýli mjög. Þá er og nauðsynlegt að farið verði í alvöru að huga að fjar-kennslu, þ.e. kennslu í gegnum útlit, sjónvarp og ýmsa aðra miðla sem gætu gert fólki kleift að ljúka hluta náms síns eða jafnvel öllu námi í heimabyggðinni. Fjar-kennslu mætti að sjálfsögðu einnig nota við námskeið hvers konar og fræðslu sem ekki flokkast undir skólakerfið.